

Kayakklúbburinn



Ársskýrsla 2011

Skýrsla stjórnar 2011

Síðasti aðalfundur Kayakklúbbsins var haldinn fimmtudaginn 27. janúar 2011. Þar mættu u.þ.b. 25 manns eins og venjulega. Ekki urðu breytingar í stjórn að þessu sinni og stjórn klúbbsins 2011 var skipuð eftirfarandi:

- Páll Gestsson, formaður
- Örlygur Steinn Sigurjónsson, varaformaður
- Gísli Karlsson, gjaldkeri
- Guðmundur Breiðdal, ritari
- Þóra Atladóttir
- Lárus Guðmundsson

Nefndir klúbbsins og formenn þeirra ár árinu 2011:

- Keppnisnefnd, Rúnar Pálmason
- Ferðanefnd, Gunnar Ingi Gunnarsson
- Húsnæðisnefnd, Þorsteinn Guðmundsson
- Ungliða- og fræðslunefnd, Ólafur B. Einarsson
- Sundlaugarnefnd, Magnús Sigurjónsson
- Ritnefnd, Páll Gestsson

Til að fara yfir starfsemi klúbbsins á árinu er best að skoða skýrslur allra nefndanna sem fara hér á eftir.

Ferðanefnd 2011

Ferðanefnd 2011 var skipuð reynsluboltunum Andra Þór Arnbjörnssyni, Guðmundi Jóni Björgvinssyni, Heiðu Jónsdóttir, Sveinni Axeli Sveinssyni, Páli Reynissyni, Ólafíu Aðalsteinsdóttir, Þóru Atladóttir, Haraldi Njálssyni og undirritaður Gunnar Ingi Gunnarsson var formaður. Að auki voru Reynir Tómas Geirsson og Gísli H. Friðgeirsson með sérverkefni, hvor með sína ferð í farastjórn.

Ekki þurfti marga fundi. Einn fundur haldin eftir undangengin tölvupóst samskipti þar sem hugmyndir voru vegnar, metnar og úthlutað.

Hefðir fyrri ára lögðu línur fyrir ferðaárið. Ákveðnar ferðir, staðir og tímasetningar hafa sinn stað og óþarfi að breyta því sem vel gengur. Breiðafjarðarferð önnur helgi í ágúst, Hvítá sömu helgi og Eurovision og næturróður í Hvalfirði um Jónsmessu eru viðburðir geirnegldir í dagskrána. Mýrar, Snæfellsnes og vötn í nágrenni höfuðborgarinnar lauma sér hindrunarlaust í inn til viðbótar.

Nefndin hafði til hliðsjónar viðburði annara klúbba og keppnisnefndar og þekktu almenna viðburði eins og sjómannadag ofl sem hægt var að samnýta með eða forðast. Eins var markmið að hafa fleiri ferðir sem myndu henta breiðari hóp ræðara. Reyndari ræðarar eiga auðvelt með að skipuleggja erfiðari ferðir á sínum forsendum.

Sjálfgefið var að fylgja öryggisstefnu klúbbsins enda hafði hún gefið góða raun árið áður og þáttakendur lýst ánægu sinni með hana og þeirri öryggistilfinningu sem hún veitir.

Eftir sumarið stóð ýmislegt uppúr. Veður fór frekar illa með dagskránna, sumarið byrjaði frekar seint. Hætt var við fimm viðburði sem er nýtt met hjá klúbbum. Lélegt mætting hafði líka eitthvað að segja með sumar þeirra ferða.



Mynd 1 GIG

Ein mest spennandi ferð dagskrárinnar „Hofstaðavogur-Grundarfjörður“ var farin eingöngu af harðkjarna mönnum sem láta óljósa veðurspá ekki aftra góðum róðri. Eins má segja að veður (vindur) hafi verið í efri mörkum í ferðinni „Akrar Hvalseyjar“.

Staumfólk hvarf næstum alveg í sumar sem er virkileg synd á afmælisári klúbbsins því hann rekur upphaf sitt fyrir þrjátíu árum til staumkayaksportsins.

En þegar allt gekk upp og veður var hið besta þá fengum við frábæra róðra. Mætting með eindæmum góð og fullt af andlitum sem sjást sjaldan í annan tíma.

Hámark ferðasumarsins var enn og aftur Breiðafjarðarferðin. Var metfjöldi þátttakenda, þrjátíu og átta manns, gott veður og skemmtileg róðrarleið. Í svona ferðum nýtur kayakinn sín, drekkhlaðinn vistum og viðlegubúnaði, „allt sem þarf og meira til“ svo vitnað sé í vestfirskan kayak gúrú.

Fjölgun ræðara í sumar var nokkuð áberandi. Allt að tvöfalt fleirri mættu í félagsróðra en árið áður og skilaði það sér í þáttöku í léttari ferðum sumarsins, Þingvallavatni, Jónsmessuróðri, Hörpuróðri, Breiðafirði og Kleifarvatni. Og sem betur fer fjölga líka reynsluboltum og BCU „stjörnum“ í sama hlutfalli. Góð róðarstjórn og öryggi ferða er undir þessum reynsluboltum komið.



Mynd 2 GIG

Hlutverk ferðanefndar og fararstjóra er m.a. að fá leyfi hjá rétthöfum þar sem við komum að landi og förum um. Það höfum við gert af „manískri“ samvisku en eins og búast má við getum við ekki vitað um og náð til allra, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta. Þrátt fyrir þetta þurfum við þekkja rétt okkar og vera vakandi fyrir því að núgildandi réttur til að fara um sjó og upp á strönd verði ekki skertur í lögum og reglum. Félagar okkar erlendis búa við mun minna ferðafrelsi en við að þessu leyti. Við sem ferðamenn verðum einnig að vera „manísk“ í umgengni við landið, skilja við það eins og við komum að því, „Leave No Trace“. Aðeins við sjálf getum tryggt gott orðspor og útbreitt orðið um það hversu skemmtileg ferðamennska á kayak er.

Ég þakka meðlimum ferðanefndar og fararstjórum samstarfið og kayak ræðurum samveruna í ár.

Gunnar Ingi Gunnarsson

Ferðirnar

Þingvallavatn

Þann 7. Maí fóru 18 ræðarar fyrstu klúbbferð sumarsins á Þingvallavatn. Farið var úr Litlu Hestvík uppúr kl. 10:30 og var Sveinn Axel var róðrarstjóri. Róið var meðfram Hestvíkinni að sunnanverðu að Klumbu. Þaðan var haldið að Neseý vestanverðri og svo út í Sandey. Tekin var góð nestispása í Sandey norðanverðri við lítið vatn sem þar er. Því næst var haldið áfram og Sandey hringuð og tekin stefnan á austanverða Neseý. Stefnan var sett í land að Þorsteinsvík þar sem liðið rétti úr sér. Síðan var ströndin þrædd aftur í Hestvík. Rónir voru samtals ca 16 km. Létt gola var þegar lagt var af stað og var nokkur alda þegar komið var útfyrir Klumbu sem hélst þar til komið var í Sandey. Þar voru við í ágætis skjóli í fallegum trjálundi. Eftir að lagt var af stað frá Sandey lögði smá saman og meðfram ströndinni fengum við stillu og sólin skein á okkur og gátum skoðað inni hellana sem urðu á vegi okkar.



Mynd 3 SAS

Farastjóri var Þóra Atladóttir.

Hvítá

Árleg straumkayak ferð niður Hvítá fyrir minna vana og sjóhunda var farin þann 14. Maí. Byrjað var heldur ofar en venjulega í sama róðri eða fyrir ofan veiðistaðinn og endað neðan við Drumboddsstaði.

Lýsing frá þátttakanda:

Þetta er allt öðru vísi sport en sjókayakin, hef sjálfur oft verið í miklu meiri látum, en ekki í svona miklum straum. Fannst þó mesti munurinn liggja í bátnum sjálfum og hvernig er setið í bátnum. Straumkayak er með minna flot, en sjókayak, afturendinn styttri og er fljótur að kaffærast í "eddy lines", ef ræðari hallar sér eitthvað aftur. Lenti þrisvar í að "eddylines", straumskil kaffærðu mér og synti einu sinni. Held að allir sjómenn syntu eitthvað á leiðinni, mismikið samt. Vanar straumendur voru með í för og höfðu gaman af björgunum.



Mynd 4 SAS

Það tapaðist einn bátur sem spurðist ekki til fyrr en um haustið.

Fararstjóri var Guðmundur Jón Björgvinsson

Hörpuróður

sjómannadaginn 5. júní 2011.



Mynd 5 ESM

Brottför var frá bílasæðinu við Skarfaklett, róíð með landi fyrir Laugarnes, um Rauðarárvík að Sólfarinu, inn í Reykjavíkurhöfn, þar sem dáðst var að tónlistarhúsinu Hörpu, róíð áfram um höfnina að lendingunni við Sjóminjasafnið og svo með landi aftur til baka.

14 ræðarar lögðu frá landi í smá gjólu og dálítilli öldu, sudda og þokulofti, en þokunni létti er leið á daginn og náði sólin að brjóta sér leið í gegnum skýin. Spáð var að heldur bætti í vind er liði á daginni, þannig að við vorum með allan vara á okkur.

Fararstjóri skipaði róðrarstjóra og aftasta mann

sem stóðu sig með mikilli þrýði allan túrinn.

Vegna gjólnunnar og sjólags reyndum við að halda vel hópinn og nutum við þess að sigla með landi inn í Reykjavíkurhöfn og dóluðum við okkur við Hörpu í talsverðan tíma. Héldum okkur með landi þegar við réum um höfnina til að verða örugglega ekki fyrir, því talsverður umferð var við bryggjunn þar sem hvala- og lundaskoðun leggur af stað en allt gekk mjög vel. Rérum þarna milli bryggja og áfram út að lendingunni við Sjóminjasafnið þar sem hópurinn fór í land og borðani nestið sitt.

Vöktum við dálitla atygli vegfarenda í kaffistoppinu, enda fjöldi fólks mætt á Grandann vegna hátíðarhaldanna.

Á leið okkar til baka tók Gísli Karlsson sig til og klifraði upp á bryggju og út á stóran planku sem gengur út úr bryggjunn, stökk í sjóinn og kom sé upp í bátinn sinn aftur. Einn félaginn ákvað að róða ekki til baka og var sótt að lendingunni við Sjóminjasafnið. Við Skarfaklett vorum við aftur milli kl. 15,00 og 15,30. Flottur sjómannadagsróður hjá klúbbnum !!

Farastjóri var Ólafía Aðalsteinsdóttir

Jónsmessuróður

Þann 23. júní 2011 kl. 22:00 héldu 24 ræðarar í næturróður eftir dýrindis pylsuveislu sem Ólafía skellti upp í fjörunni í Hvammsvík.



Mynd 6 GIG

Róið var út að Hvammshöfði og þaðan út í Þyrilsnes þar sem tekin var nestispása. Rétt fyrir miðnætti rérum við þaðan yfir Djúpavog og vestur með ströndinni framhjá Hvítanesi og aftur inn í Hvammsvík.

Veðrið lék við okkur og sjólag var gott. Þetta var frábær ferð, fallett veður, landslag og góður félagskapur.

Farastjóri var Þóra Atladóttir.

Hofstaðavogur-Grundarfjörður

23. júlí: Það leit ekki of vel út með veðurlag síðustu dagana fyrir brottför þessarar ferðar. Sex höfðu tilkynnt þátttöku með fyrirvara, en þrír létu slag standa og mættu við Hofstaðavoginn að morgni laugardagsins 23. júlí, þeir Örlygur, Stefán Snorri og Gísli H.F., ásamt undirrituðum.



Mynd 7 ÖS

Veður var hið ágætasta til undirbúnings brottfarar, NA-gola og léttskýjað. Lögðum af stað út voginn eftir hádegið skömmu eftir háflóð og rérum sem leið lá að Purkey. Þar tókum við land til þess að glöggva okkur á landslaginu áður en lengra var haldið. Létum nægja að skoða Grynri- og Dýpriey frá

sjó en í Hafnareyjum tókum við land og nærðum okkur í skjólsælli vík. Enn lék veðrið við okkur og því afraðið að halda út í Hrútey til þess að kanna þar gístiaðstæður Gísla frá hringróðrinum fræga. Vart var gengt um hluta eyjarinnar vegna lundahola, en fuglinn lét lítið á sér bera. Á síðasta legg dagsins frá Hrútey að Kumbaravogi við Bjarnarhöfn var strekkingur á móti, sem olli okkur þó engum vandræðum. Lentum þar á fjöru milli Landeyjar og lands, og tók þá við bátaburður nokkurn spöl. Slógum upp tjöldum á sléttum og grónum flötum niður við sjóinn. Þar var nokkurt úrval bátakerra og gamall trébátur lá þar á hvolfi og mátti muna fífil sinn fegri. Eftir kvöldmatinn gerðum við okkur ferð að bænum í Bjarnarhöfn til þess að skoða safnið sem þar er og ræða við Hildibrand bónda. Tók hann okkur ljúfmannlega og leiddi okkur um salarkynninn og sagði frá munum þar. Auðvitað fengum við að smakka hákarl, en Hildibrandur er þekktur fyrir verkun hans. Fyrir svefninn gengum við út Kumbaravoginn og áleiðis út á Kaupstaðartanga. Á þessum slóðum eru m.a. friðlýstar minjar frá landnámsöld og húsgrunnur frá því Thor Jensen var þarna með umsvif.

24. júlí: Nokkuð rigndi um nóttina, en stytta upp er leið á morguninn. Vorum morgunsvæfir og lögðum af stað úr Bjarnarhöfn áleiðis til Akureyja eftir hádegis í hægum sunnan vindi. Hringuðum við stærstu eyjuna. Þar er mjög gróið og nokkrar vikur, misskjólsælar eftir áttum, sem hafa gert lendingu báta auðveldari í slæmum veðrum. Í Akureyjum tók á móti okkur Jóhann Gíslason ásamt fjölskyldu, sem stundar þarna grásleppuveiðar og dúntekju yfir sumartímann. Þar hefur hann gert upp gömul steinhús með mikilli þrýði. Leiddi hann okkur um húsakynninn og sagði frá ýmsum staðhátum á eyjunni. Ekki má gleyma kaffisopnum sem okkur var boðið fyrir brottför. Frá Akureyjum heldum við út Letisund og svo áfram inn með hlíðinni vestan megin Bjarnarhafnarfjallsins. Tókum land við eyðibýlið Ámýrar, gamalli hjáleigu frá Bjarnarhöfn. Þaðan er gott útsýni inn Kolgrafafjörðinn og til vesturs að Eyrarfjalli og Klakki. Áfram var haldið inn með hlíðinni og ákveðið að taka krók inn fyrir Seljaodda og áfram undir ytri brúna í Hraunfirði. Þar áðum við með Gjafamúla sem bakhjarl og Bjarnarhafnarfjall í móti. Ekki dónalegt það. Mikið kríuger var utan við brúna í æti í iðustreymi sem þar myndast vegna sjávarfalla. Nú var síðasti leggur dagsins eftir, undir brúna sem þverar Kolgrafafjörðinn og inn í botn. Nokkuð tíðindalítið róður og þoka í fjöllum innst. Gott tjaldstæði fannst upp á bakkanum undir Lambahnúk við Hrafnkelsstaði, sem nú er í eyði. Ekki var að sökum að spyrja að nokkuð létti til um það leyti sem við renndum upp í fjöruna. Þarna er tilkomumikið umhverfi, Gunnungsfell og Hrafná sem fellur í fögrum fossi niður í Hrafnkelsstaðabotn, og svo Eyrarbotninn og fjallasalurinn ofan Hlöðuvogsins. Þetta er með glæsilegri náttstöðum. Veðrið var eins og best er á kosið, lygnt og hlýtt en skýjað. Eftir kvöldverð gengum við inn Hrafnkelsstaðabotninn til gilja- og fossaskoðunar. Góður dagur var að kveldi kominn og lögðumst til hvílu skömmu fyrir miðnættið.



Mynd 8 PR



Mynd 9 PR

25. júlí: Vöknudum í vestan andvara og þurru veðri. Eftir snæðing tókum við saman föggur okkar og nú tók við lengsta róðrarleiðin, um 25 km, yfir að Setbergi í Grundarfirði. Heldum frá landi um kl. 11 f.h. og rérum út fjörðinn sem leið liggur að brúnni. Háflóð átti samkvæmt okkar kokkabókum að vera um kl. 14:30, og mátti því búast við einhverjum mótstraumi og iðum við brúna, en við treystum á að þar sem var smástreymt þessa daga yrði það okkur ekki til trafala. Ekki reyndist þetta mikil hindrun.

Nú skildi stefnt að Öndverðaeypri undir Eyrarhyrnu. Þessi staður kemur nokkuð við í Eyrbyggju að sögn Snorra, þ.e.a.s. Stefáns Snorra, sem nýlega las hana. Þarna eru bæjarrústir á talsverðu svæði og greinilegt að þetta svæði hefur þótt gott til búsetu á fyrri öldum. Sama má segja um Eyrarodda, oddann sem gengur í austur frá Eyrarfjalli. Þar er merkilega grösugt og þar hafa verið lífhafnir beggja vegna oddans á árum áður. Við áðum í Suðurbót Eyraroddans í blíðunni þennan dag. Þaðan var víðsýnt til allra átta og mjög notalegt dvöl. Næst á dagskrá var að halda fyrir oddann og vestur í Grundarfjörð. Við létum þó eftir okkur að bregða okkur skottúr til Írlands, lítið sker rétt norðan við oddann. Þar er nokkur skarfabbyggð. Ekki eru margir bæir eftir í byggð vestan undir Eyrarfjalli, en tveir eða þrír una sér þar enn. Rérum nú gegnum þangbreiður og sker á flóðinu og að Snoppu, litlum skerjatanga sem gengur út frá landi. Þar þótti upplagt að teygja úr sér stutta stund. Spölurinn að Setbergi var nú orðinn stuttur. Brattir líparítsklettar eru neðan við þetta fyrrum kirkjuból og prestssetur, Nú er þar auk búskapar rekinn ferðapjónusta. Í hægviðri er á fjöru auðvelt að lenda hvar sem er undir klettunum, en erfiðara getur reynst að komast upp á bakkann með allt sitt hafurtask. Hægt er að koma bíl að bakkanum nokkru inn við bæjarstæðið, en þó verður að klöngrast með bátana upp lítinn, en nokkuð brattan stíg. Þetta tókst okkur með ágætum.



Mynd 10 PR

Nú var megin tilgangi ferðarinnar lokið, en hægt að lengja um einn dag með róðri um Grundarfjörðinn ef vilji stóð til. Eftir stutt skoðanaskipti á bakkanum við Setberg voru allir sammála að láta gott heita að sinni, en enda daginn á heimsókn til Kristins á Kverná. Gísli hafði í ferðinni mært mjög vöflubakstur Kristins og vildi endilega leyfa okkar að njóta. Engar fengum við vöflurnar, en Kristinn sveik ekki. Bauð hann upp á heimabakað brauð og kaffi, og ekki lét hann sig muna um að bæta við eftirrétti. Allt þetta bar hann fram úti í garði, dúkaði þar borð og kom með afar fallegt postulínsbollastell með bláu laufmynstri. Sátum við þarna í góðu yfirlæti með Kristni um hríð. Hélt nú hver til síns heima eftir að mínu mati öllu leyti mjög vel heppnaða ferð.

Fararstjóri var Páll Reynisson

Breiðafjörður

Breiðafjarðarferðin var 5.-7. ágúst og tókst vel sem fyrr. Þetta var áttunda ferðin sem var farin þessa helgi eftir verslunarmannahelgi og er orðin fastur liður í sumarstarfi klúbbsins. Alls mættu 38 ræðarar og þar með varð þetta fjölmennasta ferðin til þessa. Reynir Tómas var fararstjóri og Magnús Sigurjóns róðrarstjóri og með öðrum sem héldu utan um þetta allt, framan og aftanvið og til hliðar, gekk vel, jafnvel þegar aðeins hvessti með hliðarvindi og svo lensi seinni róðrardaginn.




Mynd 11 GIG



Mynd 12 ESM

Menn hittust á föstudagskvöldi nálægt bænum Ósi á utanverðri Skógarströnd, þar sem slegið var upp tjöldum á sléttri grund við Setbergsá og þar með klúbbtjaldinu góða.

Næsta morgun var svo lagt af stað frá fjörunni neðan við Ós þar sem ábúendur höfðu góðfúslega leyft okkur að geyma bíla og sjósetja. Þaðan var góður róður út að heimaey Gvendareyja, þar sem var áð og við hittum m.a. eiganda Öxneyjar sem kom aðeins á eftir okkur að eynni með ferðamenn. Í Öxney hafði fengist leyfi til að gista. Gengið var aðeins upp á eyna og útsýnis notið en síðan haldið nálægt háflóði yfir Brattastraum, sem þá var allt annað en brattur. Einn óvanari róðrarfélaga fór þar í sjóinn en með góðri og skipulegri félagabjörgun var ræðarinn kominn eftir stutta stund aftur í bátinn. Síðan var haldið út Látrasund og með vesturenda Brokeyjar inn í fallegan heimavoginn á Öxney þar sem beggja vegna vogarins reyndust hin bestu tjaldstæði.



Mynd 13 SB

Eftir að menn höfðu komið sér fyrir var farið í síðdegisróður norður með eynni, fyrst í Eiríksvog og þaðan norður Geysandasund milli Öxneyjar og Rifgirðinga og endað í straumunum við Galtarey, þar sem sumir fóru enn lengra upp straumana í útfallinu, en aðrir nutu veðurbliðu og víðsýnis í sólinni. Tilbaka var farið um Bænhúsastraum sem var orðinn talsvert grunnur svo menn urðu að vaða á einum stað, en eftir það var ferðinn í heimavoginn auðveld. Við skoðuðum gamla húsið (með leyfi) og bænhúsið (nú aðeins gömul geymsla). Kvöldið leið að vanda ljúflega við grill og góðar veigar, sögur, glens og ágætt fjörubál undir lokin.

Næsta morgun var farið enn af stað í ágætu veðri þó það hvessti er leið á daginn. Róðið var inn Bænhúsastrauminn og í Brokey sem var skoðuð. Með góðu skipulagi komust menn norður milli

Brokeyjar og Norðureyjar meðan enn var fært. Að fara þessi mjóu sund er skemmtilegt. Síðasta áning var í fallegum vogi austast á Brokey. Svo var haldið af stað út Ólafseyjarsundið á byrjandi útfalli og með talsverðan vind í bakið. Þetta var róður þar sem talsverða aðgæslu þurfti og þarna sannaðist enn gildi góðrar róðrarstjórnar. Í glampandi sól bar okkur aftur að landi neðan við Ós.



Mynd 14 MS

Fararstjóri var Reynir Tómas Geirsson

Akrar – Hvalseyjar

Af þeim sem höfðu skráð sig mættu tíu í þennan róður. Nokkrir hafa greinilega hætt við, en á sjó vorum við komin kl. 10:45. Ferðin út í Hvalseyjar tók tæpa klst., þar vorum við í rúma klst. og róðurinn til baka tók um 2 tíma, enda kaldí til stinnigskaldi á móti og aldan um 0,7 m með hvítu traði á víð og dreif.

Á Ökrum ræddum við við Ásmund bónda, sem er yfir áttætt og man eftir fyrri komum kæjakfólks og eftir leitinni að Freyju og Greg. Ásmundur er fæddur í Þerney sem við komum oft við í.

Húseyjan í Hvalseyjum er sendin með hvítum skeljasandi og svörtum klöppum og vaxin melgresi nema að sunnan þar sem er mittisdjúp baldursbrá og hvönn, en þar eru lundaholur og æðarhreiður og er allt nokkuð erfitt yfirferðar. Fjöldi skerja er í grenndinni og er þar mikið af skarfi.



Mynd 15 GIG

Að lokum litum við inn í Akrakirkju í boði Ásmundar á Ökrum.

Farastjóri var Svein Axel Sveinsson.

Kleifarvatn

Þann 3. September mættu 26 ræðarar í róðurinn á Kleifarvatni á 25 bátum, mun fleiri en höfðu skráð sig. Yngsti ræðarinn var 6 ára.

Róið var réttsælis hringur og ströndinni nokkuð vel fylgt í rjóma blíðu, nema hvað Lambhaga var sleppt. Heildarróðarlengd var 11,4 km.



Mynd 16 ESM

Farastjóri var Svein Axel Sveinsson.

Ljósaskiptaróður – Elliðavatn

Fimmtudag 27. október var róið á Elliðavatni. Þessi róður tilheyrði vetradagskrá þar sem ætlunin var að fara stutta róðra í nágrenni við höfuðborgina.



Mynd 17 GIG

Róðurinn var ljómandi finn. Vissulega er farið að kólna, rökkva snemma, vinnutíminn varla búin en blankalogn, fallegt sólsetur og spegilslett vatnið og 13 bátar í fylkingu, verður bara ekki betra.

Fararstjóri var Gunnar Ingi Gunnarsson

Aflýstar ferðir

Álftarnes

Átti að fara 16. apríl. Aflýst vegna veðurs. Vorið var ekki en komið.

Suður með sjó

Átti að fara 2. Júní. Aflýst vegna veðurs og þátttökuleysis.

Langisjór

Átti að fara 1. Júlí. Aflýst vegna veðurs og ófærðar á fjallvegi.

Um ferðina á Langasjó sem ekki var farin mætti segja eftirfarandi:

„Ferðin á Langasjó var fyrirhuguð helgina 1. – 3. júlí og reiknað með næturvist inn við jökul. Vorið hafði verið kalt og hálendisvegir voru að opnast þessa dagana, þannig að ekki var opnað inn að

Langasjó fyrr en síðdegis á föstudeginum og trúlega hefur vegurinn verið blautur. Á það reyndi þó ekki enda voru nokkur „ljón“ á veginum. Nokkrum dögum fyrr fréttist að enn væri ís á vatninu, veðurspá var ekki góð og hætta var á öskufoki eftir nýlegt gos í Grímsvötnum. Fréttist af gönguhópi sem lenti í slíku öskufoki að vart var hægt að renna fyrir tjaldop. Þegar svo var komið að slæm veðurspá var staðreynd og væntanleg þátttaka í lágmarki var ferðinn aflýst.“

Skagafjörður [Straumur]

Átti að fara 21. Júlí. Aflýst vegna þátttökuleysis.

Laxá

Átti að fara 2. September. Aflýst vegna þátttökuleysis.

Myndasmiðir / Eigendur mynda

[GIG] Gunnar Ingi Gunnarsson

[SAS] Svein Axel Sveinsson

[ESM] Einar Sveinn Magnússon

[ÖS] Örlygur Sigurjónsson

[PR] Páll Reynisson

[SB] Sigurður Bergsveinsson

[MS] Magnús Sigurjónsson

Skýrsla húsnæðisnefndar 2011

Húsnæðisnefnd 2011:

Þorsteinn Guðmundsson, kayak@islandia.is. Formaður

Páll Gestsson, pall.gestsson@gmail.com

Gunnar Ingi Gunnarsson, gunnar.ingi@mosverjar.is

Ágúst Ingi Sigurðsson, ingisig@gmail.com

Eymundur Ingimundarson, eymi@islandia.is

Vilhjálmur Grímsson, villigrims@simnet.is

Jóhann Ragnar Kjartansson, joignina@islandia.is

Össur Imsland, ossur@ask.is

Einar Sveinn Magnússon, esm@pfaff.is

Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í þeim málum er tengjast framtíðar aðstöðu klúbbsins. Klúbburinn hefur aðstöðu á þremur stöðum í bænum, Geldinganesi, Nauthólsvík og sundlaugunum í Laugardal.

Í Nauthólsvíkinni leigjum við enn af Siglingaklúbbnum Brokey og er þar pláss fyrir 45 báta og aðgengi að búningsklefum og sturtum. Leigan sem við borgum í þar er 210þúsund á ári og stenst það nokkurn veginn á endum að geymslugjöld standi undir henni. Nokkur pláss eru laus í Nauthólsvíkinni.

Í Geldinganesi er nú geymsluaðstaða í 8 gámum = 160 bátar. Nokkur pláss eru laus þar, en ekki mörg. Aðstöðugámarnir eru 3 einangraðir gámar sem innangengt er um og hýsa kaffiaðstöðu, salerni, sturtuaðstöðu og búningsaðstöðu. Að undanfögnu hefur verið helst unnið í pípulagningavinnu, sturtur eru orðnar 4 og eiga að vera orðnar þokkalega vatnsmiklar eftir síðustu aðgerðir nú í janúar. Hitatúpan bilaði í desember en var viðgerð og síðan færð þannig að það hefur rýmkast um í kvennaklefanum. Að flestu leyti þjónar þessi aðstaða okkur ágætlega en það sem helst hefur verið talað um er að það mætti stækka kvennaklefan og búningsaðstöðu almennt. Ein lausnin er að finna einn einangraðan gám í viðbót og bæta honum við sem búningsklefa. Það verður verkefni húsnæðisnefndar að finna út úr því fyrir vorið.

Af framtíðarhúsnæði klúbbsins er það að fréttu að það gengur hægt – eins og margir vita. Nú er löngu búið að gera Reykjavíkurborg grein fyrir að við viljum fá byggingaleyfi á þeim stað sem núverandi aðstaða er á eiðinu út í Geldinganes og tveir fundir voru settir með skipulagsyfirlöðum árið 2011 þar sem okkar þarfir voru settar fram. Vel er tekið í þetta allt og nú er verið að vinna deiliskipulag fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir að Kayakklúbburinn fái lóð þarna á eiðinu. Nú í vetur er stefnt á að klára þetta deiliskipulag og í þeirri vinnu verður fundað með öllum hagsmunaaðilum, m.a. Kayakklúbbnum.

Páll Gestsson

Skýrsla keppnisnefndar 2011:

Sjókayakar

Sumarið 2011 var í fyrsta skipti keppt eftir nýjum keppnisreglum sem gera ráð fyrir skiptingu í tvo bátaflokka; keppnisbáta og ferðabáta. Þessi skipting er ekki gallalaus og það kemur í hlut nýrrar keppnisnefndar að sníða agnúana af.

Hér eru nokkur álitamál talin upp:

- Sumir telja að Kirton Inuk bátarnir (sem voru mikið notaðir og við góðan orðstír í keppnum sumarsins) eigi heima í flokki keppnisbáta enda séu þeir álíka hraðskreiðir og aðrir bátar í þeim flokki, s.s. Valley Rapier. Aðrir benda á að Kirton Inuk hafi verið hannaðir sem ferðabátar og notaðir sem slíkir, m.a. á Vestfjörðum og telja að skiptingin eigi að vera óbreytt.
- Í keppnum erlendis er notast við reiknireglur um flokkaskiptingu. Hafa mætti þær til hliðsjónar.
- Sökum þess að keppt er í tveimur flokkum getur sú staða komið upp að tveir keppendur séu efstir og jafnir að stigum eftir keppni sumarsins, þ.e. hafi þeir ekki tekið þátt í Hvammsvíkurmaraðoni og ekki sé hægt að láta innbyrðis keppni ráða úrslitum þeirra á milli. Þetta kom upp í sumar þegar Ólafur B. Einarsson og Halldór Sveinbjörnsson voru báðir með 200 stig eftir tvær keppni og hvorugur hafði aflað sér stiga í Hvammsvíkurmaraðoninu. Innbyrðis viðureign í maraðoninu gat því ekki ráðið úrslitum. Ólafur hóf þó keppni í maraðoninu en varð að hætta keppni undan Kjalarnesi vegna illvígra krampa. Halldór átti ekki heimangengt. Því varð að skera úr um úrslitin með hlutkesti. Einfaldasta lausnin er sú að þegar þarf að skera úr um stöðu manna sem eru að öðru leyti jafnir, verði litið til árangurs í Hvammsvíkurmaraðoni, jafnvel þótt þeir hafi ekki lokið keppni. Sá sem nær betri árangri í maraðoninu verði sigur úr bítum.
- Hingað til hefur ekkert stig verið veitt fyrir Hvammsvíkurmaraðon nema keppendur ljúki keppni. Þessa reglu mætti endurskoða enda er hver og einn leggur maraðonsins lengri en heildarvegarlengdir í öðrum sjókayakkeppnum hér á landi. Það er e.t.v. ekki ýkja sanngjarnt að keppandi sem rær nokkra tugi metra í Spretkeppninni sópi að sér stigum en sá sem klárar tvo af þremur leggjum maraðonsins, hátt í 30 kílómetra fær ekkert í sinni hlut. Hugleiða mætti að gefa keppendum stig fyrir hvern legg maraðonsins sem þeir ljúka. Þeim mætti t.d. raða í næstu sæti fyrir aftan þá sem ljúka keppni. Hugsanlega gæti þetta aukið þátttöku í maraðoninu, maður veit aldrei.
- Að lokum mætti kanna hvort áhugi sé á að útfæra keppnina um Veltukónginn. Hingað til hefur aðeins ein keppni skorið úr um titilinn, þ.e. í tengslum við Eirík Rauða (áður Eirík Rauða í Stykkishólmi). Í ljósi mikils áhuga á veltuæfingum væri ekki úr vegi að gera meira úr henni. E.t.v. mætti halda veltukeppni í Reykjanesi og á Agli Rauða og síðan myndu úrslitin ráðast í keppni í Laugardalslauginni að hausti í tengslum við e.k. Laugarleika. Laugarleikarnir um árið, þar sem m.a. var keppt í reiptogi o.fl. tókust vel og mætti vel hugsa sér að endurvekja þá. Veltukeppni gæti líka aukið töluvert áhuga á klúbbnum og e.t.v. er hægt að sækja einhverja ferðastyrki fyrir keppendur sem þurfa að ferðast um langan veg.

Keppnishald á sjókayökum tókst með ágætum í sumar. Ný keppnisvesti í gulum, sjálfslýsandi lit, voru tekin í notkun og reyndust vel. Þeim tilmælum var beint til keppnisnefndar, af gefnu tilefni, að sjá keppendum í Hvammsvíkurmaraðoni fyrir korti af keppnisleiðinni og hlýtur að vera sjálfsagt mál að verða við því.

Íslandsmeistari karla 2011 er Ólafur B. Einarsson (með hlutkesti).

Íslandsmeistari kvenna 2011 er Helga Einarsdóttir (með hlutkesti).

Alls luku 24 karlar keppni, þar af tóku sjö þátt í tveimur keppnum. Sjö konur tóku þátt. Ágæt þátttaka var í öllum sjókayakkeppnunum.

Reykjavíkurbíkar

Alls tóku 22 keppendur þátt í Reykjavíkurbíkarnum sem haldinn var 22. apríl. Aðstæður til kappróðurs voru einkar hagstæðar, logn en smá ísskán á sjó. Helst bar til tíðinda að Ólafur B. Einarsson og Þóra Atladóttir settu brautarmet. Ólafur reri á Stellar-brimskiði sínu á 52:29 og Þóra rann skeiðið á 1:06:20 á NDK Explorer.

Samhliða var haldin þyrluæfing með þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Hún var lærdómsrík, bæði fyrir kayakmenn og þyrlubjörgunarmenn því illa gekk (og mistókst raunar) að koma rétta manninum um borð í þyrluna.

Reykjaneskeppni

Vestfirðingarnir í Sæfara héldu sína keppni að þessu sinni í tengslum við Vorhitting í Reykjanesi en ekki á Flateyri eins og áður. Þessi breyting er hugsuð til frambúðar enda hentar vel að halda keppni í tengslum við sjókayakmót. Keppt var 20. maí.

Róið var inn Reykjafjarðarbotn vestanverðan og síðan út að flugbrautarenda að austan, um sjö kílómetra leið. Þrettán keppendur skráðu sig til keppni en tíu kláruðu. Vindur var frekar stífur á seinni legg brautarinnar.

Sprettkeppnin á Agli rauða

Tólf tóku þátt í sprettkeppni Kajakklúbbsins Kaj á sjókayakhátíðinni Agli rauða, þar af fjórir unglingar. Keppnin var haldin 12. júní. Á sömu hátíð var Þorsteinn Sigurlaugsson krýndur veltukóngur Íslands.

Hvammsvíkurmaraðon

Maraðonið var haldið 27. ágúst sem er viku fyrr en venja er til. Ástæðan fyrir því að keppnin var færð til er sú að eftir því sem haustar eykst hætta á hvassviðri auk þess sem ýmsir hafa verið uppteknir við smalamennsku fyrstu helgina í september.

Sjö keppendur lögðu af stað og fimm skiluðu sér í mark. Í Hvammsvík var nánast logn þegar ræst var en þegar tók að nálgast mynni Hvalfjarðar tók að blása úr vestri og við Kjalarnes var nokkur hliðaralda. Ólafur B. Einarsson hafði örugga forystu eftir seinna skyldustoppið en þjáðist þá þegar af slæmum krömpum og varð að hætta keppni stuttu síðar. Auður Rafnsdóttir, eini kvenmaðurinn sem keppti, reri brimskiði í fyrsta sinn og hafði orðið vel ágegn þegar hún neyddist til að hætta keppni skömmu eftir Kjalarnesstoppið.

Straumkayakar

Elliðaárródeó féll niður enda er Elliðarárvirkjun ekki í notkun og því engar forsendur til keppnishalds. Tungufljótskappróðri var fresta til 27.ágúst vegna fyrirsjáanlegs þátttökuleysis. Um leið var Hausródeóið sem átti að halda 27. ágúst blásið af.

Fremur lítill áhugi virðist vera á keppnishaldi á straumkayak. Margar straumkempur eru nú búsettar erlendis og nýliðun hefur verið lítil og er skýringin á því að stórum hluta sú að ekki hefur verið hægt að nota holuna í Elliðarárdal.

Tungufljótskappróður

Jón Skírnir Ágústsson tryggði sér slandsmeistaratitill í straumkayakróðri með sigri í Tungufljótskappróðri 27. ágúst. Sex kepptu; fjórir Íslendingar, einn Nepali og einn Sví.

Mættir voru 6 ræðarar sem kepptu fyrst í tveimur þriggja manna riðlum og komust tveir úr hvorum riðli áfram í úrslitariðlinn.

Jón Skírnir Ágústsson er Íslandsmeistari 2011.

Enginn keppandi var í kvennaflokki.

Keppnisnefnd ársins 2011 var svo skipuð:

Anna Lára Steingrímsdóttir

Haraldur Njálsson

Pétur B. Gíslason

Rúnar Pálmason (formaður)

Össur Imsland

Skýrsla ritnefndar 2011

Ritnefnd 2011:

Páll Gestsson, formaður

Dagrún Árnadóttir

Sveinbjörg Jónsdóttir

Rúnar Pálmason

Ágúst Jónsson

Hlutverk nefndarinn er að halda úti heimasíðu klúbbsins og gefa út fréttabréf um starfsemi klúbbsins.

Heimasíða klúbbsins gekk ágætlega 2011. Þar er helst um að vera reglulegar fréttir af starfseminni okkar og einnig er korkurinn alltaf lifandi og margt skemmtilegt skrafað. Sölusíðan hefur einnig verið nokkuð spræk. Ekki hefur verið mikið lagt upp úr fínheitum eins og sérstakri hönnun eða aðlögun fyrir Kayakklúbbinn, heldur notast við staðlaða hluta vefumsjónarkerfisins Joomla sem keyrir síðuna. Með þessu eru meiri líkur á að síðan virki og þoli uppfærslur án þess að það þurfi að leggja meiriháttar vinnu í það.

Ekkert fréttabréf var gefið út á árinu. Í staðinn stóð Klúbburinn að útgáfu bókar Örlygs Steins Sigurjónssonar, Sjókajakar á Íslandi. Þar er á ferðinni mikið öndvegisrit sem allt sjókayakfólk ætti að eiga – og fleiri til. Prentuð voru 1000 eintök og heildarkostnaður við útgáfu bókarinnar varð tæp 1,3 milljón. Þegar þetta er ritað er ekki alveg ljóst hve margar bækur hafa selst þar sem ekki er búið að skila uppgjöri frá hinum ýmsu sölustöðum. Meðal annars styrkti SÍL klúbbinn um 200þúsund kr vegna útgáfunnar og fær í sinn hlut 65 bækur til ráðstöfunar. Bækurnar verða áfram í sölu í mörgum bókaverslunum og ágætar líkur eru á að útlagður kostnaður skili sér allur til baka á næstu árum.

Páll Gestsson

Ársskýrsla sundlaugarnefndar Kayakklúbbsins 2011

Sundlauganefnd upp æfingatöflu í samráði við stjórn, sér til að manna námskeið, félags- og nýliðaæfingar þó skal ávalt einn úr nefndinni mæta á félags- og nýliðaæfingar enda hafa þeir einir lykil að lauginni til að opna og ganga frá og læsa eftir æfingar. Sjá til þess að vel sé gengið um kjallarann og þann búnað sem þar er. Skila skýrslu til sundlaugastjóra fyrir 5. hvers mánaðar og sjá til þess að hún sé rétt útfyllt.

Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund þar sem kemur fram fjöldi æfinga og þátttaka.

Nefndarmenn 2011:

Magnús Sigurjónsson, formaður msig@simnet.is

Örlygur

Hörður

Sveinn Axel

Halli Njáls

Störf nefndarinnar voru samkvæmt venju að halda æfingar í sundlaugunum í Laugardal,

Æfingarnar þetta árið urðu 22 talsins og þar mættu 563 eða að meðaltali 25,5 á hverja æfingu. Talsverð nýliðun hefur orðið á æfingum og er það gott mál.

7 námskeið voru haldin á vegum nefndarinnar og sóttu þau 51 manns.

Aflýsa þurfti 1 námskeiði þar sem engin þátttaka var. Þetta er aukning um 21 frá fyrra ári.

Einnig stóð nefndin fyrir nokkrum kynningum á kayaksportinu. Þar má nefna kynningu í Flensborg Hafnarfirði, Laugarneskirkju og fleiri fyrirlestra sem voru í skólum.

Haldin var kynning fyrir Björgunarsveitina á Kjalarnesi í lauginni.

Breytt hefur verið um inngang fyrir okkur til að koma með bátana inn í lagina en það var sett á okkur krafa um að við skuluðum bátana með brunaslöngunni við dyrnar.

Þetta var gert til að þagga niður athugasemdir hjá öðrum sundlaugargestum ekki vegna sóðaskapar af okkar völdum.

Við þökkum fyrir þáttökuna á árinu og vonumst til að sjá sem flesta í lauginni á þessu ári.

Við viljum hvetja alla til að nota vel þessar æfingar því þetta er ómetanleg reynsla þegar einhvað gerist við alvöru aðstæður. Þá er of seint að æfa sig.

Fyrir hönd sundlaugarnefndar

Magnús Sigurjónsson

Skýrsla ungliðanefndar fyrir árið 2011

Fjöldmörg tilfallandi verkefni voru í Nauthólsvík þar sem þeir sem vildu prófa róður fengu það. Yfir sumarið er mikið líf í Nauthólsvík, bæði er mikið af fólki sem sækir ylströndina og siglinganámskeið hjá Brokey og Siglunes. Seinnipart dags á góðvirðisdögum var því töluvert um fólk sem var að synda í sjónum sem fékk að prófa að sigla. Allnokkrir róðrar voru farnir með fólki sem hefur ekki róð á kayak eða lítið verið á kayak en einnig voru róðrar með erlendu fólki sem vildi komast í æfingaróður, má þar nefna landsliðskonu frá gamla rússlandi, danskur meistari á K1 ásamt íslenskri konu hans og bræður frá Írlandi sem hafa keppt um alla evrópu. Auður Rafnsdóttir sem búsett er í danmörku tók nokkra æfingaróðra og keppti svo í Marathon í september.

Kayakklúbburinn bauð krökkum á sjálfstyrkingarnámskeiði á vegum séra Bjarna Karlssonar að mæta í Laugardalslaug í október á kynningu á kayak. Alls mættu um 40 krakkar á unglingastigi ásamt leiðbeinendum og fengu tilsögn á surfski og kayak. Þrír kennarar voru frá Kayakklúbbum, Gísli Friðgeirsson, Guðni Páll Viktorsson og Ólafur B. Einarsson. Markmið kynningar var að gefa krökkunum tækifæri að prófa helstu atriði kayakmennskunnar með áherslu á skemmtun.

Ólafur B. Einarsson, ungliða – og fræðslunefnd

Kjör stjórnar og skoðunarmanns

Tillaga fráfaramandi stjórnar:

Formaður:	Páll Gestsson
Varaformaður:	Örlygur Steinn Sigurjónsson
Gjaldkeri:	Gísli Karlsson
Ritari:	Lárus Guðmundsson
Meðstjórnendur	Klara Ósk Bjartmarz
	Sveinn Axel Sveinsson
Skoðunarmaður	Gísli H. Friðgeirsson

Kayakklúbburinn

Ársreikningur 2011



Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3	Efnahagsreikningur	5-6
Rekstrarreikningur	4	Skýringar	7-9

Áritun stjórnar og skoðunarmanns

Í stjórn:

Gjaldkeri

dagsetning

Formaður

dagsetning

Áritun skoðunarmanns

dagsetning

Rekstrarreikningur ársins 2011

		2011	2010
Tekjur:	Skýr.		
Félagsgjöld		1,470,000	1,215,750
Geymslugjöld		1,179,500	1,228,500
Styrkir	3	604,000	250,000
Tekjur af námskeiðum		485,000	885,000
Tekjur af bókútgáfu	7	289,068	0
Auglýsingartekjur	3	35,000	22,680
Aðrar tekjur	3	34,205	22,680
		<u>4,096,773</u>	<u>3,624,610</u>
Rekstrargjöld:			
Rekstrarkostnaður	4	917,966	1,249,647
Kostnaður af námskeiðum		758,538	1,254,406
Afskriftir	5 og 9	424,574	280,692
		<u>2,101,078</u>	<u>2,784,745</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða		1,995,695	839,865
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		66,459	97,108
Vaxtagjöld og bankakostnaður		0	(34,905)
		<u>66,459</u>	<u>62,203</u>
Hagnaður(tap) ársins		<u>2,062,154</u>	<u>902,068</u>

Efnahagsreikningur ársins 2011

Eignir

	Skýr.	2011	2010
Fastafjármunir			
Gámar, kayakar ofl.	5	2,941,086	2,526,232
		<u>2,941,086</u>	<u>2,526,232</u>
Veltufjármunir:			
Bankareikningar		3,637,063	3,749,845
Birgðir	9	889,921	0
Útistandandi		891,000	0
Veltufjármunir		<u>5,417,984</u>	<u>3,749,845</u>
Eignir samtals		<u><u>8,359,070</u></u>	<u><u>6,276,077</u></u>

Hinn 31. desember 2011

Skuldir og eigið fé

		Skýr.	2011	2010
Eigið fé:				
Höfuðstóll	8		8,359,070	6,163,577
Eigið fé			<u>8,359,070</u>	<u>6,163,577</u>
Skuldir:				
Skuldbinding v/lyklagjalds	6		0	112,500
Aðrar skuldir			0	0
Skammtímaskuldi			<u>0</u>	<u>112,500</u>
Skuldir samtals			<u>0</u>	<u>112,500</u>
Skuldir og eigið fé samtals			<u>8,359,070</u>	<u>6,276,077</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald : reikninga og samstæðureikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áð en ef um breytingar er að ræða er gert grein fyrir þeim hér á eftir

2. Yfirlit yfir varanlega rekstrarfjármuni (Eignastaða 1/1 2004 og kaupverð eigna 2004-2011):

Rekstrarfjármunir. 1/1. 2004.....	1,282,097
Kaup 2004:	
Bátur.....	50,000
Eignfærsla.v.Geldinganes.....	458,586
Kaup 2005:	
2 kajakar.....	110,000
Gámur.....	160,000
Kaup 2006:	
40 feta gámur.....	197,000
Kajak.....	174,001
Tjald.....	104,000
Bátur.....	20,000
Kaup 2007:	
Bátur.....	20,000
Bátur.Capella með skeggi.....	49,926
Svuntur.og.vesti.....	72,072
Kaup 2008:	
40 feta gámur.....	180,000
20 feta gámur.....	323,660
Kaup 2009:	
Hítalásari.....	18,819
Talstöðvar.sjúkrakassi.og.ljós.....	33,560
Kaup 2010:	
Bátur.Prion.Kodiak.....	80,000
Bátur.Surfski.....	398,901
Sjúkrakassi.....	21,152
Kaup 2011:	
Gámur.(.einangraður.).....	656,901
Stakkar, keppnisvesti.og þurrpoki.....	84,740

Skýringar

	2011	2010
3 Aðrar tekjur		
Styrkir - frá Lotto	604,000	0
Seld ár - vængár sem kom með surfski fyrir Óla E.	34,205	0
Húfur	0	22,680
Auglýsingatekjur - Auglýsing Sportbúðarinnar á félagskírteini	35,000	0
	<u>673,205</u>	<u>22,680</u>
4 Rekstrarkostnaður		
a) Húsaleiga	240,000	240,000
b) Fundir og samkomur	16,420	63,146
c) Kostnaður v/ keppni	125,365	43,716
d) Félagsskírteini (prentun og útsending)	108,910	0
e) Stjórnunarkostnaður (sendikostn., prentun, innheimtukostnaður o.þ.h.)	37,115	0
f) Geldinganes (viðhald og gjaldfærður búnaður)	58,737	158,177
g) Rekstur Geldinganes (hiti, rafmagn og lyklar)	276,499	199,734
h) Aðkeypt þjónusta	0	0
i) SPOT áskrift	23,366	21,971
j) Fréttabréf	0	127,521
k) Heimasíða (tengikostnaður og kostnaður v/ léns)	8,314	16,296
l) Kaffi og veitingar í róðrum	23,240	0
m) Ýmsir gripir (Húfur)	0	142,756
n) Viðhald búnaðar (bátar, sjúkrakassi, tjald)	0	105,878
o) Bikarkaup	0	130,452
	<u>917,966</u>	<u>1,249,647</u>
5 Fastafjármunir		
Eignir 1/1.....	2,526,232	2,306,871
Nýr búnaður á árinu	84,740	500,053
Eignfært í aðstöðu á Geldinganesinu.....	656,901	0
Afskriftir 10%	(326,787)	(280,692)
	<u>2,941,086</u>	<u>2,526,232</u>
6 Skuldir		
Skuldbinding v/lyklagjalds fært niður í núll.....	0	112,500
	<u>0</u>	<u>112,500</u>
7 Tekjur af bókaútgáfu		
Seldar bækur.....	115	0
Útistandandir hjá bóksölum.....	175	0
Hjá klúbbum.....	710	0
	<u>1,000</u>	<u>0</u>

Skýringar

8 Höfuðstóll

Hinn.1/1.....	6,163,577	0
Hækkun/lækkun ársins.....	2,062,154	0
Höfuðstóll 31/12	<u>8,225,731</u>	<u>0</u>

9 Birgðir

Birgðir 1/1.....	0	0
Sjókayak á Íslandi (bókalager) 1.000.stk.....	1,277,869	0
Selt á árinu 115 stk	(289,068)	0
Afskriftir 10%	(98,880)	0
	<u>889,921</u>	<u>0</u>

Skýringar á rekstrarkostnaði og tölfræði

- a) Húsaleiga Nauthólsvík. Bátar og aðstaða
- b) Aðalfundur og stjórnarfundir
- c) Reykjavíkurbíkarinn, Hvammsvík
- d) Útgáfa félagskírteina, prentun 70.622, útsending 38,228
- e) Tilfallandi rekstrarkostnaður félagsins. Útsending krafna í banka
- f) Gámur
- g) Orkuveitan 207.829, Síminn 39.212
- h)
- i) SPOT áskrift
- j)
- k) Vefur
- l) Kaffi og veitingar stærri/skipulögðum félagsróðrum
- m)
- n)
- o)

Félagsgjöld:	2011	2010
Fjöldi útsendra greiðsluseðla	316	263
Fjölskyldumerking	57	36
Fjölskyldumeðlimir	60	11
Einstaklingsmerking	259	227
Samtals félagsmenn	376	274
Úrsagnir	10	47

Bátageymslur:	Geldinganes	Nauthólsvík
Pláss	160	43
Fjöldi núna í notkun	117	27
Útistandandi	172,500	102,500
Fjöldi báta bakvið útistandandi	14	6

Tekjur Gnes og Nauthólsvík 2010	1,228,500
Tekjur Gnes og Nauthólsvík 2011	1,179,500

Taka ber útistandandi með og án báta með fyrirvara um hvað á eftir að afskrifa vegna þess að upplýsingar hafa ekki borist um úrsögn eða báta sem hafa verið teknir úr geymslum en geymslugjaldareikningur samt sem áður verið sendur út.

Kostnaðarsundurliðun vegna bókarútgáfu:

Prófarkar yfirlestur	40,000	0
Prentun	1,229,900	0
Drefing	7,969	0
Samtals	1,277,869	0